

# Umbótaáætlun og lokaskýrsla Svalbarðsstrandarhrepps vegna bókunar 1 í kjarasamningi FG og SNS

Svalbarðseyri  
26. maí 2017

## Lokaskýrsla

### Inngangur

Í kjarasamningi FG og SNS frá árinu 2014 voru gerðar breytingar á starfsumhverfi kennara og vinnumat innleitt í grunnskólum. Í bókun 1 í sama samningi er kveðið á um að hverju sveitarfélagi skuli falið að fara yfir framkvæmdina ásamt fulltrúum kennara. Markmið vinnunnar er að bæta framkvæmdina, beina sjónum að innra starfi skólans og þeim verkefnum sem grunnskólinn sinnir, tryggja að kennsla og undirbúningur séu forgangsverkefni í skólastarfi og létta álagi af kennurum þar sem við á. Umbótaáætlunin er hluti af því verkefni.

### Framkvæmd

Svalbarðsstrandarhreppur skipaði fulltrúa sinn sem hafði umsjón með verkefninu í umboði sveitarstjórnar. Hann ásamt þremur fulltrúum kennara og skólastjóra unnu að verkefninu. Sveitarstjóri sat fundi og var upplýstur reglulega um gang mála. Í upphafi var kynningarfundur á verkáætlun, spurningalisti var lagður fyrir alla kennara og umræður voru í kennarahópnum um niðurstöðurnar og nánari umfjöllun um þær. Kallað var eftir gögnum um skipulag tengt vinnumatinu, fundafyrirkomulagi, viðveru, tímaskráningu, niðurstöðum úr innra mati skólans og hvort eitthvað hafi komið fram í starfsmannasamtölum sem komið gæti að gagni við vinnuna. Tillögur að umbótum voru lagðar fyrir kennara og skólastjóra og að því loknu var endanleg útgáfa lögð fram og kynnt. Tillögurnar eru hluti af lokaskýrslu sem send verður til samstarfsnefndar.

Í vegvísi með verkefninu var sérstaklega tiltekið að fjalla ætti um breytingar á kjarasamningi út frá vinnuumhverfi, samskiptum, starfstengdum þáttum og stjórnun.

### Megin niðurstöður

Að mati kennara eru vinnuaðstæður góðar í skólanum þó eitt og annað þarfnist endurbóta. Starfsandi er góður og starfsánægja ríkjandi. Við innleiðingu á kjarasamningi 2014 urðu óverulegar breytingar á vinnuumhverfinu að mati kennara nema þá helst að viðveran lengdist. Kennarar eru 38 klst. á viku á vinnustað og 3 klst. af þeim tíma eru ætlaðar til funda og samstarfs. Flestir kennarar ná oftast að ljúka verkefnum sínum á viðverutíma í skólanum og allir kennarar telja að álagið í starfi sé hæfilegt. Stuðningur skólastjóra við kennara í starfi er til staðar og eru þeir ánægðir með aðgengi að honum. Kennarar óska eftir meira samráði við skólastjóra um ýmsar ákvarðanir.

Vinnumat er ekki lagt fyrir með formlegum hætti. Engu að síður voru gerðar breytingar á vinnufyrirkomulagi kennara þar sem annað starfsfólk og skólastjóri tóku hluta starfanna í skólanum inn á sitt borð í þeim tilgangi að hver kennari fengi aukið svigrúm til undirbúnings. Markvisst er unnið að starfsþróun í samstarfi við skólastjóra og gengur sú vinna vel.

Fram kemur í leiðarvísi um gerð vinnumats að það skuli lagt fyrir árlega. Undirrita skal vinnuskýrslu í upphafi hvers skólaárs þar sem niðurstöður vinnumatsins eru skráðar. Við gerð vinnumats kemur meðal annars fram hvort og þá hvar álag er til staðar eða hvort kennarar nái að ljúka verkefnum sínum á umsömdum vinnutíma. Mikilvægt er að umræða um framkvæmd vinnumatsins fari fram á milli kennara og skólastjóra þar sem framkvæmd þess er kjarasamningsbundinn. Það getur bæði varðað hag kennara sem og skólans. Hluti kennara og skólastjóri leggja til að vinnumat verði lagt fyrir frá og með næsta hausti.

## Umræða

### Framkvæmd vinnumats

---

Líkt og fram kemur í kaflanum um megin niðurstöður þá hefur formlegt vinnumat ekki verið lagt fyrir í Valsárskóla. Hinsvegar voru gerðar nokkrar breytingar á vinnufyrirkomulagi kennara í þeim tilgangi að forgangsraða þeirra störfum þannig að undirbúningur og úrvinnsla kennslu væri forgangsverkefni. Hluti starfa (s.s. hluti skráningar) voru færð frá kennurum yfir á skólastjóra eða annað starfsfólk. Ákveðið var að 40-60 mínútur yrðu skilgreindar sem undirbúningur og mat fyrir hverja kennslustund. Hafin var vinna við að þróa kennsluáætlanir með það fyrir augum að uppfylla kröfur um fjölbreytta kennsluhætti og að kennsla væri skipulögð út frá markmiðum Aðalnámskrár. Á vorönn 2017 var lögð áhersla á mat út frá markmiðunum Aðalnámskrár og sett upp heimasíða til að safna matstækjum. Vinnan er unnin með Grenivíkurskóla og Þelamerkurskóla. Kennsluáætlanir þurfa síðan að liggja fyrir á grunni þeirrar vinnu í byrjun næsta skólaárs.

Formlegt vinnumat verður lagt fyrir haustið 2017 skv. leiðbeiningum í vegvísi um gerð vinnumats.

### Starfsumhverfi

---

#### Samskipti

Mikil starfsánægja er í Valsárskóla og eru samskipti þar mjög góð að mati kennara. Vinnuaðstæður eru mjög góðar þótt eðli málsins samkvæmt sé alltaf eitthvað sem betur má fara.

#### Stjórnun

Stuðningur skólastjóra við kennara í starfi er til staðar, oftast einstaklingslega en einnig með öðrum hætti. Kennarar eru ánægðir með stjórnun skólans, samstarf og samskipti við skólastjóra. Við sameiningu/samrekstur leik- og grunnskóla fundu kennarar fyrir því að skólastjóri var ekki eins mikið til staðar fyrir kennara. Engu að síður er það mat kennara að gott aðgengi sé að skólastjóra, hann er lausnamiðaður og faglega þenkjandi. Skólastjóri er mjög ánægður með starfsfólk skólans og telur það almennt sinna starfi sínu af kostgæfni.

#### Tímaskráning

Rafræn tímaskráning er í Valsárskóla og ekki er ágreiningur um þann þátt. Hluti kennara er ánægður með tímaskráninguna m.a. með þeim orðum að þannig sjáist best hvernig vinnutíma kennara er háttað.

### Kennsla og undirbúningur

---

Helsta breytingin sem kennarar finna fyrir með tilkomu vinnumatsins er lengri viðvera á vinnustað. Fyrir kennara í fullu starfi þá er viðveran frá kl. 8 á morgnana til kl. 15.45 mánudaga til fimmtudaga og frá kl. 8 til kl. 14.30 á föstudögum, alls 36,5 klst. á viku. Undirbúningstími fyrir kennslu er að jafnaði tæpar 39 mín fyrir hverja kennda kennslustund. Líkt og fram kemur annarsstaðar í lokaskýrslunni þá leggur skólastjóri mikla áherslu á að nægur tími sé til undirbúnings og úrvinnslu.

### Álag

---

Allir kennarar Valsárskóla telja að álag í starfi sé hæfilegt og þeim takist að ljúka sínum verkefnum á bundnum viðverutíma í skólanum. Flestir verja 30-45 mín í skráningu á viku og umsjónarkennarar

senda póst til foreldra 1-2 sinnum í viku. Skólastjóri hefur tekið hluta af foreldrasamskiptum inn á sitt borð og sem dæmi þá sendir hann póst til allra foreldra 2-3 sinnum í mánuði. Vinnutarnir eru nokkrum sinnum á skólaárinu og tekur annað skipulag í kringum þau tímabil mið af því. Engu að síður telur hluti kennara að takast þurfi sameiginlega á við þá þætti s.s. að breyta skipulagi fyrir foreldrasamtöl eða þegar verið er að undirbúa árs hátíðir svo dæmi sé tekið.

Tillögur frá kennurum um hvernig draga megi úr álagi:

- Auka sveigjanleika í störfum sérkennara og stuðningsfulltrúa þannig að samvinna við bekkjarkennara aukist.
- Undirbúa og nýta fundi vel.
- Draga úr fundum og þróunarvinnu á álagstímum.

## Annað

---

Nokkrir punktar frá skólastjóra:

- Í undirbúningi verkefnisins og umræðum um greiðslur varð að samkomulagi milli skólastjóra og sveitarstjóra að tekið yrði tillit til áherslna skólastjóra í vinnunni. Þannig yrði einnig hugað að þeim áherslum sem hann hefur lagt á þróun starfshátta kennara. Vinnan átti því ekki aðeins að nýtast sem svar við bókun 1 í kjarasamningi heldur var áhersla á að skoða alla þætti starfsins þannig að hún myndi nýtast almennt í skólastarfinu.
- Skólastjóri hittir kennara á 8 vikna fresti og ræðir kennsluáætlanir og álitamál í námi og kennslu.
- Skólastjóri er í miklum samskiptum við foreldra og nemendur og tekur með þeim hætti hluta af faglegu störfum kennara.
- Skólastjóri nær ekki að ljúka verkefnum sínum á viðverutíma í skólanum.
- Ýmis fagleg störf hafa setið á hakanum svo hægt sé að vinna með kennurum að starfsþróun.
- Skólastjóri vill gera skriflegt vinnumat og fagnar áhuga kennara á því.

## Tillögur

Hér fylgja þær tillögur að umbótum sem fram komu í könnuninni og umræðum í kennarahópnum. Ætlast er til að þær verði teknar til umfjöllunar innan skólans og verði hluti af umbótaáætlun sem unnin er á hverju ári. Þær eru því ekki lagðar fram sem sérstök tímasett áætlun. Framkvæmdin er á ábyrgð fulltrúa kennara í verkefninu og skólastjóra.

	Umbótapáttur	Markmið	Aðgerð
<b>Starfið</b>	<p>Gerð kennsluáætlana</p> <p>Vinna matslista út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrá.</p> <p>Ræða stöðu á faglegum verkefnum og hvernig við sjáum þau til framtíðar.</p> <p>Auka öryggi kennara í notkun á Mentor</p>	<p>Hver kennari gerir kennsluáætlun fyrir hverja kennslustund og meti úr frá markmiðum aðalnámskrár</p> <p>Að kennarar verði öruggir á Mentor og nýti hann við gerð kennsluáætlana.</p>	<p>Skila áætlun til skólastjóra tvisvar á ári. Samtal við skólastjóra um inntak áætlunarinnar í framhaldi af skilum.</p> <p>Heimsóknir í kennslustundir frá samkennara eða skólastjóra.</p> <p>Mat samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár unnið áfram á fundum.</p> <p>Sameiginlegir tímar þar sem unnið er að kennsluáætlunum í Mentor</p>
<b>Vinnuumhverfi og skipulag</b>	Hávaði í matsal	Draga úr hávaða í matsal	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Skoða hljóðvist</li> <li>- Ræða viðmið um hegðun í matsal</li> <li>- Móta hegðun og fylgja því eftir</li> <li>- Hafa dúka á borðum með mjúku undirlagi</li> </ul>
	Álagstoppur	Huga að skipulagi þegar vitað er af álagstoppum	<p>Ræða á næsta kennarafundi um skipulag fyrir:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Undirbúning foreldrasamtala</li> <li>- Námsmat</li> <li>- Undirbúning árshátíðar</li> </ul>
	Fyrirkomulag á geymslum	Gera geymslur betur úr garði	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Tiltekt</li> <li>- Henda</li> <li>- Raða og merkja</li> <li>- Kaupa hirslur</li> </ul>
<b>Stjórnun</b>	Vinnumat	Framkvæma vinnumat fyrir alla kennara með formlegum hætti	Leggja fyrir skv. vegvísi um framkvæmd vinnumats
	Samráð skólastjóra	Auka samráð skólastjóra og kennara	Ræða breytingar